

FÉLAGSBRÉF BFÍ
BYGGINGAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS
Stofnað 1968

FUNDARBOÐ: 49. AÐALFUNDUR



BYGGINGAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur BFÍ 2017 verður haldinn fimmtudaginn 27. apríl kl. 18:00,
í fundarsal veitingastaðarins Sólon í Bankastræti

Allir byggingafræðingar eru hvattir til að mæta
og láta hagsmuni starfsstéttar okkar sig varða.

Fundardagskrá aðalfundar

- Fundur settur
- Kosning fundarstjóra og skipun fundarritara
- Ávarp formanns og skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda og vinnuhópa
- Reikningskil
- Lagabreytingar
- Önnur mál og umræður
- Kjör nýrrar félagsstjórnar og endurskoðenda
- Ákvörðun félagsgjalda
- Farið yfir niðurstöður fundar
- Fundarslit
- Veitingar í föstu og fljótandi formi.



Efnisyfirlit

- Forsíða: Aðalfundur BFÍ - Fundarboð - Fundardagskrá
- Fráfarandi stjórn
- Aðalfundur SFB 2017
- Nýjustu upplýsingar um félagatal BFÍ
- Haustfagnaður BFÍ
- Áhugaverðar greinar
- Oftar auglýst eftir byggingarfræðingum
- Nýr framkvæmdastjóri BFÍ

Fráfarandi stjórn skipa:

Formaður: Brynjar Einarsson

Varaformaður: Stefán Þór Steindórsson

Gjaldkeri: Rúnar Ingi Guðjónsson

Meðstjórnendur: Sverrir Hermann Pálmarsson og Aron Leví Beck

Varamenn: Birkir Kúld og Stefanía Helga Pálmarsdóttir

Tengiliður í DK: Sigurður Ólafsson

Fulltrúi í Byggingastaðlaráði: Stefán Þór Steindórsson (Rúnar Ingi Guðjónsson til vara)

Framkvæmdastjóri (og ritari): Lena Margrét Aradóttir. Sigurður H. Ólafsson frá 13. mars 2017.

Endurskoðendur: Hjálmar Örn Guðmarsson og Reynir Kristjánsson. Harpa Cilia Ingólfssdóttir til vara.

Aðalfundur SFB 2017

í beinu framhaldi af aðalfundi BFÍ 2017, verður 12. aðalfundur Stéttarfélags Byggingarfræðinga (SFB) haldinn þann 27. apríl 2017 í fundarsal veitingastaðarins Sólon í Bankastræti.

Fundardagskrá aðalfundar SFB 2017

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Önnur mál

Félagatal

Á líðandi starfsári bárust alls 13 umsóknir um leyfi til að kalla sig byggingafræðing.

Félagatal BFÍ telur nú 458 skráningar í heildina. Þar af eru 37 konur og fer sífellt fjölgandi. Virkir félagar sem rukkaðir eru um félagsgjöld eru nú samtals 351 en aðrar skráningar skiptast í eftirfarandi:

Félagar búsettir erlendis: 32 (einhverjir falla einnig í aðra flokka)

Aukafélagar (í námi): 4

Nýir félagar (á frígjaldi fyrsta árið): 22

Stjórnarmeðlimir: 10

Heiðursfélagar (67+): 33

Látnir: 10

Óvirkir (formleg úrsögn)*: 20

*Við formlega úrsögn helst skráning inni í félagatali en hún gerð óvirk og félagsmaður tekinn af póstlista félagsins. Við þetta missir viðkomandi atkvæðisrétt og möguleikann á að sitja í stjórn eða nefndum á vegum félagsins.

Löggildingar

Í félagaskránni kemur fram að 18 félagar hafi ekki enn hlotið löggildingu starfsheitisins. Það varðar hagsmuni allra byggingafræðinga að þeir sem starfi sem slíkir hafi hlotið löggildingu og hvetur stjórn félagsins því alla útskrifaða byggingafræðinga til að sækja sér hana. (Athugið að einhverjar þessara ólöggildu aðila gætu hafa sótt um en eiga einfaldlega eftir að sækja leyfisbréfið. Það þarf að gera til að löggilding taki fullt gildi.) Á heimasíðu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins má sjá skrá yfir byggingafræðinga sem hlotið hafa löggildingu hér á landi.

Sjá: <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/verkefni/leyfisveitingar/nafnalistar/nr/6688>.

Haustfagnaður BFÍ



Árlegur haustfagnaður félagsins var haldinn þann 21. október síðastliðinn. Haustfagnaðurinn var með örlítið breyttu sniði þetta árið miðað við síðustu ár, en fagnaðurinn var haldinn í Gamla Bíói í miðbæ Reykjavíkur. Hinn þekkti tónlistarmaður KK mætti og skemmti gestum. Þá voru léttar veitingar og veigar voru í boði félagsins. Félagsmenn fjölmenntu til að sýna sig og sjá aðra. Var það mál manna að ákaflega vel hafi tekist til sem vonandi verði framhald á.



Áhugaverðar greinar

Undanfarið rúmt ár eða svo, hafa birst í vefmiðlinum Stundinni greinar eftir Aron Leví Beck stjórnarmann í BFÍ. Aron Leví hefur skrifað skemmtilegar greinar um fjölbreytt málefni líðandi stundar, sem vert er að gefa gaum.



Á spássíu Stundarinnar er hann titlaður byggingafræðingur (að sjálfsögðu!), formaður Hallveigar (félags ungra jafnaðarmanna í Reykjavík). Þá er hann einnig borgar- og fuglanörd sem hefur áhuga á umhverfi, náttúru og bættu samfélagi.

Okkur langar að benda félagsmönnum sérstaklega á greinarnar um *fyrsta steinsteypta húsið á Íslandi*, *Sement á Íslandi* og *Alkalívirgni verður vandamál á Íslandi*. Greinarnar eru í senn fróðlegar og skemmtilegar aflestrar. Greinarnar eru einnig aðgengilegar á fésbókarsíðu BFÍ.

Oftar auglýst eftir byggingarfræðingum

Undanfarna mánuði hefur áþreifanlega orðið vart við aukningu á atvinnuauglýsingum þar sem falast er eftir kröftum byggingarfræðinga. Uppgangur í efnahagslífinu er væntanlega ein aðal ástæða þess, en hugsanlega er þó einnig hluti skýringarinnar sú að BFÍ hefur beitt sér í því að hafa samband við atvinnurekendur og benda þeim á að þeir gætu farið á mis við mikilvægan hóp einstaklinga með viðeigandi menntun og oft viðamikla reynslu, ef þeir nefndu ekki byggingafræðinga sérstaklega atvinnuauglýsingum innan byggingargeirans, stjórnáslunnar o.s.frv. Því eins og alkunna er þá er starfssvið byggingafræðinga afar fjölbreytt, s.s. verkefna- og framkvæmdastjórnun, ráðgjöf, hönnun, gæðaeftirliti og svo mætti lengi telja.

Það er því stjórn BFÍ sérstakt gleðiefni þegar atvinnulífið sækist eftir kröftum byggingarfræðinga í auknum mæli.

Hvetur stjórn BFÍ félagsmenn til að halda áfram að senda inn ábendingar þegar þeir verða varir við að störf séu auglýst þar sem óskað er eftir byggingarfræðingum og einnig til starfa sem eru auglýst og augljóst er að höfða til byggingafræðinga, en þess ekki getið sérstaklega í auglýsingum.

Nýr framkvæmdastjóri BFÍ



Í mars á þessu ári tók Sigurður H. Ólafsson við starfi framkvæmdastjóri BFÍ af Lenu M. Aradóttur, sem áður hafði sagt starfinu lausu. Lenu eru þökkud afar góð störf fyrir félagið. Sigurður hefur margþætta reynslu sem byggingarfræðingur í gegnum árin, bæði héraendis og erlendis. BFÍ óskar Sigurði til hamingju með starfið og býður hann velkominn til starfa.

Fjölmennum á aðalfund BFÍ

Sólon, Bankastræti

27. apríl kl. 18:00

